

Skipulags- og byggingafulltrúi Uppsveita bs.  
Dalbraut 12  
840 Laugarvatn

Reykjavík, 6. ágúst 2021  
UST202107-002/A.P.  
10.04.03

### **Efni: Tillaga - Breyting á deiliskipulagi – Krækishólar – Flóahreppi**

Vísað er til erindis skipulagsfulltrúa Uppsveita bs. er barst 1. júlí þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um breytingu á deiliskipulagi fyrir Krækishóla í Flóahreppi.

Í greinargerð kemur fram um er að ræða breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar við Krækishóla. Spildan er 9,96 ha að stærð og nær gildandi deiliskipulag til austasta hluta spildunnar, eða um 3,6 ha þar sem eru 5 lóðir. Með breytingunni bætast við 8 lóðir, í heildina alls 13 lóðir.

#### **Hraun**

Á fyrirhuguðu deiliskipulagssvæði er að finna forsögulegt hraun, Þjórsárhraun, sem nýtur sérstakrar verndar skv. a. lið 2 mgr. 61. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og bendir Umhverfisstofnun á mikilvægi þess að í tillögunni sé fjallað um það.

Í 61. gr. laganna er kveðið á um sérstaka vernd þeirra vistkerfa og jarðminja sem taldar eru upp í 1. mgr. og 2. mgr. sama ákvæðis. Samkvæmt 3. mgr. ákvæðisins ber að forðast röskun þeirra náttúruyfyrirbæra, sem undir greinina falla, nema brýna nauðsyn beri til og ljóst að aðrir kostir séu ekki fyrir hendi. Í greinargerð með frumvarpi til laga um náttúruvernd er með orðalaginu „brýn nauðsyn“ lögð áhersla á að einungis mjög ríkir hagsmunir geti réttlætt röskun og þá fyrst og fremst brýnir almannahagsmunir.

Á skipulagsupprætti virðist sem staðsetning lóða sé að mestu leyti utan við sjáanlegar jarðminjar sem njóta sérstakrar verndar sem er jákvætt að mati Umhverfisstofnunar. Stofnunin telur mikilvægt að fjallað sé um hraunið í deiliskipulagstillögunni og hvaða leiðir verði farnar til að koma í veg fyrir rask. Umhverfisstofnun bendir á að ef tillagan gerir ráð fyrir röskun á hrauni þurfi að rökstyðja þá ákvörðun og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu.

Stofnunin bendir á að skylt er að afla framkvæmdaleyfis, eða eftir atvikum byggingarleyfis, vegna allra framkvæmda sem fela í sér röskun á svæðum sem njóta sérstakrar verndar, sbr. skipulagslög og lög um mannvirki. Á þetta að tryggja að tekið sé til ítarlegrar skoðunar hvort framangreint skilyrði sé uppfyllt. Við mat á leyfisumsókn ber að veða saman mikilvægi náttúruminjanna sem í húfi eru og hagsmuni af fyrirhugaðri framkvæmd. Við matið skal litið til verndarmarkmiða 2. og 3. gr. laga nr. 60/2013 um

náttúruvernd, auk þess sem tekið skal mið af mikilvægi minjanna og sérstöðu í íslensku og alþjóðlegu samhengi, sbr. 3. og 4. mgr. 61. gr. laganna.

Ákveði leyfisveitandi að veita leyfi þrátt fyrir framangreint skal hann, með vísan í 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga, rökstyðja þá ákvörðun sérstaklega og gera grein fyrir öðrum kostum sem skoðaðir hafa verið sem mögulegir valkostir við útfærslu framkvæmdarinnar og ástæðum þess að þeir urðu ekki fyrir valinu. Einnig skal gera grein fyrir fyrirhuguðum mótvægisáðgerðum, sem og mögulegri endurheimt náttúruverðmæta þegar það á við. Þá skal afrit af útgefnu leyfi sent Umhverfisstofnun, sbr. 6. mgr. ákvæðisins.

Þess má einnig geta að leyfisveitanda er heimilt, skv. 5. mgr. 61. gr. náttúruverndarlaga að binda leyfi þeim skilyrðum sem eru nauðsynleg til að draga úr áhrifum framkvæmdarinnar á þau náttúrufyrirbæri sem verða fyrir röskun.

Umhverfisstofnun bendir á mikilvægi þess að unnið sé umhverfismat sbr. 5.4.1. gr. skipulagsreglugerðar nr. 90/2013.

Virðingarfyllst,

  
Agnes Þorkelsdóttir  
sérfræðingur

  
Björn Stefánsson  
sérfræðingur